

# Bókabíó



**Bókabíó Fífaborgar** er haldið einn föstudag í mánuði, þá setjast öll börn leikskólans saman í sal þar sem lesin er upp bók með glærusýningu. Elstu börn leikskólans útbúa **bíómiða** fyrir öll börn leikskólans, miðarnir eru merktir **bókabíó** með skrift barnanna og jafnvel lítil teiknuð mynd og er því hver miði einstakur. Hvert barn fær bíómiða sem það gengur með frá sinni deild í salinn þar sem **bíóvröður** stendur og tekur á móti miðunum og vísar þeim til sætis. Þegar öll börn eru búin að afhenda miðana og sest með sinni deild eru þau boðin velkomin og sungið er mánaðarlag þess mánaðar.





Bækurnar sem eru lesnar hafa verið skannaðar og settar upp í glærusýningu (powerpoint). Tölva er síðan tengd við skjávarpa sem varpar bókinni með myndum og texta á stóran vegg svo öll börn sjái. Skemmtilegast er að lesa bækur þar sem börnin eru hvött til að taka þátt í sögunni eða hafa ákveðið hlutverk í henni.

Vinsæl saga er til dæmis „hver er að banka?“ sem fjallar um stelpu sem er að fara að sofa en það koma alltaf einhverjar furðuverur að banka uppá hjá henni. Kennari bankar og börnin spyrja öll í kór „hver er að banka?“ síðan er lesið hvaða vera það er sem er að banka og börnin syngja lag þar sem þau biðja veruna um að fara „farðu burt!“.



Bækurnar sem eru lesnar eru stuttar og vel myndskreyttar og henta breiðum aldri, frá þeim yngstu til þeirra sem elst eru. Kennari les með leikrænum hætti og spyr börnin hvað þau haldi að gerist eiginlega næst. Þetta eru yfirleitt sögur sem þau hafa heyrt áður og innihalda oft rím en einnig eru nýjar bækur stundum kynntar í [bókabíóinu](#).



Þegar bókin er búin er sungið fyrir afmælisbörnin, þakkað fyrir [bókabíóið](#) og sungið fyrir hverja deild á meðan þau ganga úr salnum inn á sína deild.

Elsa Rún Árnadóttir, Fífuborg.

